

Alþingi  
Erindi nr. P 123/1031

Til allsherjarnefndar Alþingis

komudagur 22.2.1999

Reykjavík, 16. febrúar 1999

Efni: Umsögn lögmannna, er starfa á vegum Neyðarmóttöku vegna nauðgunar, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur sent Neyðarmóttöku vegna nauðgunar, Sjúkrahúsi Reykjavíkur, beiðni um umsögn um lagafrumvarpið. Guðrún Agnarsdóttir, forstöðulæknir Neyðarmóttöku, hefur óskað eftir athugasemdum lögmannanna Björns L. Bergssonar, Helgu Leifsdóttur, Sifjar Konráðsdóttur og Þórdísar Bjarnadóttur, er starfa á vegum móttökunnar.

Fagnað er því framfaraskrefi sem felst í 14. gr. frumvarpsins, hinum nýja kafla, **Brotapoli og réttargæslumaður**. Við teljum að hér sé um mjög brýna og afar mikilvæga réttarbót að ræða. Í ljósi hinnar miklu reynslu sem við höfum öðlast á þessum málum í störfum fyrir skjólstaðinga Neyðarmóttöku í tæp fimm ár, viljum við koma á framfæri örfáum athugasemdum við ákvæði frumvarpsins er varða brotþola. Við höfum ákveðið að einskorða umsögn okkar við 14. gr. frumvarpsins og gerum eftirfarandi tillögur til breytinga á þremur ákvæðum fyrirhugaðs VII. kafla.

Í fyrsta lagi teljum við nauðsynlegt að tryggja öllum þolendum kynferðisbrota, öðrum en blygðunarsemisbrotum, skilyrðislausan rétt til þess að fá sér tilnefndan og skipaðan réttargæslumann. Í annan stað viljum við rýmka lítilla heimild dómara til að leyfa spurningar réttargæslumanns til brotþola fyrir dómi. Að lokum teljum við að veita þurfi réttargæslumanni aukna heimild til að kynna sér gögn málsins á rannsóknarstigi, og einnig að veita brotþola, sem ekki hefur réttargæslumann, ákveðinn aðgang að gögnum á rannsóknarstigi.

b. (44. gr. b)

Ákvæðið, eins og það er sett fram í frumvarpinu, tryggir ekki að sama marki rétt þolenda kynferðisbrota og norsk og dönsk réttarfaralög gera, sem eru þó fyrirmynd frumvarpsins. Efni þess er heldur ekki í fullu samræmi við tillögur tveggja nefnda er dómsmálaráðherra skipaði og gerð er grein fyrir í köflum I og II í athugasemdum við frumvarpið. Þolendum kynferðisbrota, 18 ára og eldri, er ekki í frumvarpinu tryggður skilyrðislaus réttur til að fá tilnefndan og skipaðan réttargæslumann. Við teljum að tryggja eigi þennan rétt, einnig þeim sem eru orðnir 18 ára, óski þeir eftir því, að því er varðar brot gegn 194. – 199. gr. almennra hegningarlaga. Við bendum á að erfitt er að koma auga á þau tilvik sem ekki uppfylla skilyrðin sem sett eru í 2. mgr. ákvæðisins, um að brotþoli hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði og að hann þurfi á sérstakri aðstoð réttargæslumanns að halda, þegar um brot gegn þessum ákvæðum er að ræða. Varðandi síðarnefnda skilyrðið bendum við á að afar erfitt er að sjá fyrir sér að þau tilvik sem nefnd eru í frumvarpinu, í athugasemdum með 2. mgr. 44. gr. b, og tekin eru sem dæmi um tilvik þar sem brotþoli gæti sjálfur gætt hagsmuna sinna, geti átt við um brot gegn 194. – 199. gr. almennra hegningarlaga. Dæmin úr frumvarpinu eru annars vegar um að óvist sé hver framíð hafi brotið sem til rannsóknar sé, þannig að einkaréttarkröfur verði ekki settar fram, og hins vegar að málsatvik séu tiltölulega einföld. Fyrra dæmið á ekki við rök að styðjast þar sem það er í fyrsta lagi ekki eina hlutverk réttargæslumanns að setja fram einkaréttarkröfur, eins og glögg kemur fram í tillögu frumvarpsins að 44. gr. f, og það er oft afar þýðingarmikið að gæta hagsmuna brotþola í málum þar sem óvist er hver framdi brotið. Má sem dæmi taka að oft er leitað atbeina brotþola við að finna brotamanninn, svo sem með viðbótarskýrslutökum, skoðun á ljósmyndum eða jafnvel sakbendingu. Auk þess gera lög um ábyrgð ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota ráð fyrir sömu ábyrgð ríkissjóðs þótt brotamaður sé óþekktur, og þarf þá að setja fram skaðabótakröfu. Þá getur sú röksemd að málsatvik séu einföld, út af fyrir sig tæpast réttlætt að brotþola sé ekki þörf á aðstoð réttargæslumanns, þegar rannsókn beinist að broti á 194. – 199. gr. almennra hegningarlaga. Við teljum samkvæmt þessu enga ástæðu til að skilyrða rétt brotþola í þessum tilvikum. Þó teljum við rétt að sá sem er orðinn 18 ára þurfi að óska eftir réttargæslumanni, sbr. þó ákvæði 3. mgr. þessarar greinar í frv.

Því gerum við að tillögu okkar:

Við 1. mgr. bætist nýr málslíður sem verði 2. málslíður:

**Hið sama á við um brotþola er náð hefur 18 ára aldri og rannsókn beinist að broti á 194. – 199. gr. almennra hegningarlaga, enda óski brotþoli eða lögráðamaður eftir tilnefningu réttargæslumanns.**

g. (44. gr. g)

Við gerum athugasemdir við 3. mgr., en frumvarpið gerir ráð fyrir mun takmarkaðri heimild réttargæslumanns til að hafa áhrif á spurningar til brotþola við aðalmeðferð máls fyrir dómi, en er í þeirri löggjöf sem er fyrirmynd frumvarpsins. Bæði samkvæmt dönsku og norsku réttarfaralögum er réttargæslumanni heimilt að leggja sjálfur spurningar fyrir brotþola og sérstaklega er tekið fram í norsku lögum að honum sé heimilt að mótmæla spurningum til brotþola er ekki varða sakarefni eða

eru settar fram með óeðlilegum hætti. Við tökum undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum við 3. mgr. að gæta verði jafnræðis milli ákærvalds og ákærða. Við teljum hins vegar að ófært sé að takmarka svo málfrelsi réttargæslumannsins, að honum sé alltaf óheimilt að leggja sjálfur spurningar fyrir brotþola og jafnvel, að því er virðist, að mótmæla spurningum til brotþola. Ekki er vitað til að þetta hafi ógnað jafnræði milli ákærvalds og ákærða, þá tæpa tvo áratugi sem þetta hefur verið leyft í Noregi og Danmörku.

Við gerum því þessa tillögu um breytingu á 3. mgr. 44. gr. g:  
Í stað fyrri tveggja málsliða í 3. mgr. komi þrjú nýir málsliðir:

**3. Réttargæslumaður má spyrja brotþola beint, sbr. 2. mgr. 59. gr., og mótmæla spurningum til brotþola sem hann telur að ekki varði sakarefnið, eða sem hann telur vera óþarflega særandi eða móðgandi. Hann getur óskað þess að dómari eða ákærandi beini spurningum til ákærða eða vitna, sbr. 2. mgr. 59. gr. Honum er heimilt að tjá sig munnlega fyrir dómi um réttarfarsatriði sem snúa sérstaklega að brotþola og um einkaréttarkröfu hans skv. 5. mgr. 172. gr., en ekki um kröfur ákærvaldsins að öðru leyti.**

Væntanlega þyrfti að breyta 2. mgr. 59. gr. með hliðsjón af þessu.

#### h. (44. gr. h)

Við teljum að ákvæðið ráðgeri allt of miklar hömlur á rétti réttargæslumanns til aðgangs að gögnum máls á rannsóknarstigi, þegar höfð er hliðsjón af hlutverki réttargæslumannsins eins og það er skilgreint í frumvarpinu, í 1. mgr. 44. gr. f. Við teljum það mistök að miða aðgang að gögnum á þessu stigi aðeins við einkaréttarkröfugerð. Til þess að rækja starfa sinn verður réttargæslumaður að geta fylgst með rannsókninni og hann þarf að geta kynnt sér rannsóknargögn, enda kann að vera að það leiði til þess að hann hafi athugasemdir eða ábendingar til lögreglu um rannsóknina. Við bendum auk þess á að vera kann að réttargæslumaður setji ekki fram neinar einkaréttarkröfur í sakamáli, svo sem vegna þess að rekið er um þær sérstakt einkamál. Hefði hann þá samkvæmt ákvæðinu, eins og það er ráðgert, engan aðgang að gögnum fyrr en við þingfestingu máls! Við tökum undir sjónarmið, sem reifuð eru í athugasemdum með þessu ákvæði frumvarpsins, um að óheftur aðgangur að rannsóknargögnum geti skaðað rannsókn málsins. Við teljum að unnt sé að komast hjá þeim vanda með sama hætti og gert er í þeirri löggjöf sem er fyrirmynd frumvarpsins. Í norsku réttarfarslögunum er brotþola tryggður réttur til gagna á rannsóknarstigi, enda geti það orðið án tjóns (242. gr.) Það sama á við um rétt hans til gagna eftir útgáfu ákæru (2. mgr. 264. gr. a). Eftir útgáfu ákæru skal senda réttargæslumanni brotþola afrit ákæru og þeirra gagna máls sem unnt er. Honum skal einnig veittur aðgangur að öðrum gögnum málsins (3. mgr. 264. gr. a). Í Danmörku gilda þær reglur að réttargæslumaður hefur fyrst við útgáfu ákæru rétt til að kynna sér önnur gögn málsins en skýrslu brotþola, og honum er ekki heimilt að kynna brotþola eða öðrum efni gagnanna nema með leyfi lögreglu. Ekkert bendir til þess að óeðlilegt sé að fara svipaðar leiðir hér á landi, án þess að rannsóknarhagsmunum sé stefnt í voða. Bent er á að í athugasemdum með þessu ákvæði frumvarpsins kemur fram sú skoðun að eftir útgáfu ákæru ætti venjulega ekkert að vera því til fyrirstöðu að brotþoli og réttargæslumaður fái aðgang að gögnum máls á sama hátt og verjandi og ákærði. Ákvæðið sjálft er ekki í samræmi við þessa skoðun, þar sem gert er ráð fyrir að réttargæslumaður eigi fyrst við þingfestingu máls rétt á öllum gögnum, nema dómari telji að það kunni að torvela að mál upplýsist.

Við gerum því tillögu um að 44. gr. h í frumvarpinu verði svo:

- 1. Meðan á rannsókn stendur og eftir að ákæra hefur verið gefin út, á réttargæslumaður rétt á að fá aðgang að gögnum málsins. Honum er ekki heimilt að kynna brotþola efni þeirra nema með heimild lögreglu, saksóknara eða dómara eftir atvikum.**
- 2. Brotþoli, er ekki nýtur aðstoðar réttargæslumanns, á rétt til aðgangs að gögnum máls, enda geti það orðið án tjóns fyrir rannsóknina.**

Við ítrekum að við fögnum heils hugar þessu frumvarpi. Hvetjum við allsherjarnefnd eindregið til að stuðla að gildistöku ákvæðanna um brotþola og réttargæslumanns hið allra fyrsta. Við bendum á að þó stór hópur þolenda kynferðisbrota fái aðstoð lögmanns í gegnum Neyðarmóttöku í dag, nær þjónusta móttökunnar hvorki til barna, þolenda sífjaspella né landsbyggðarfólks, sem þannig er óneitanlega mismunað að þessu leyti í raun. Þess vegna er enn brýnna að ákvæði er tryggja börnum og öðrum þolendum kynferðisbrota réttargæslumanni, taki gildi hið allra fyrsta.

Óskað er eftir því að fulltrúi lögmanna er standa að umsögn þessari fái tækifæri til að koma á fund virðulegrar allsherjarnefndar til að skýra betur sjónarmið þeirra.

F.h. lögmanna er starfa á vegum Neyðarmóttöku

Sif Konráðsdóttir, hdl.